

**299. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, fimmtudaginn 9. mars 2023, kl. 16:00.**

**Mætt:** Ingvi Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Sunneva Ósk Þóroddsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Annas Jón Sigmundsson, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga og Birgitta Káradóttir, fulltrúi Grindavíkurbæjar, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, J. Trausti Jónsson, Helgi Haraldsson, Eydis Martinsdóttir og Ásmundur E. Þorkelsson, fundarritari. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

**Dagskrá:**

1. Starfsleyfi og skráningar
2. Kröfur um hljóðvistarskýrslur
3. Álitamál varðandi breytt aðalskipulag
4. Starfsmannamál
5. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

**1. Starfsleyfi og skráningar**

**Umsóknir um skráningar samkvæmt reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

- Indie Campers Iceland ehf., kt. 561118-1240, Fuglavík 18, 260 Reykjanesbæ fyrir bón- og bílaþvottastöð.
- OMR verkstjórn ehf., kt. 430316-1330 fyrir niðurrifi mannvirkja að Sólvallagötu 6a.
- AGE ehf., kt. 670813-0530, Hafnargötu 45, 260 Reykjanesbæ fyrir hársnyrtistofu.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að samþykkja skráningar á ofangreindum fyrirtækjum að uppfylltum starfsskilyrðum og greiddu skráningagjaldi.

**Skráningum hafnað í samræmi við reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

- Premium of Iceland ehf., kt. 651122-0580, Brekkustíg 22-24, 260 Njarðvík fyrir vinnslu fisks og annarra sjávarafurða. Skráningu hafnað á grundvelli umsagnar sveitarfélags, starfsemi ekki í samræmi við nýtt aðalskipulag.
- Ísver ehf., kt. 300763-4489, Bakkastíg 16, 260 Njarðvík til að reka fiskvinnslu. Hafnað á grundvelli umsagnar sveitarfélags, starfsemi ekki í samræmi við nýtt aðalskipulag.

**Fyrirtæki í auglýsingaferli skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu.**

- Wintermute Technologies ehf., kt. 600815-0400, Sjónarhóll 6-8, 262 Reykjanesbæ til reksturs gagnavers og varaafsstöðvar.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að gefa út starfsleyfi til ofangreindra fyrirtækja berist ekki athugasemdir á auglýsingatíma.

**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnaeftirlit.**

- Grindavíkurbær, kt. 580169-1559 til reksturs námuvinnslu í Eldvarpahrauni vestan Grindavíkurbæjar, 240 Grindavík.
- HS Veitur hf., kt. 431208-0590, Víkurbraut 51, 240 Grindavík til að reka spennistöð sem inniheldur olíu yfir 2000L.(GRI-A)
- HS Veitur hf., kt. 431208-0590, Ægisgötu 4b, 240 Grindavík til að reka spennistöð sem inniheldur olíu yfir 2000L.(GRI-C)
- HS Veitur hf., kt. 431208-0590, Stakksbraut 7, 230 Reykjanesbæ til að reka spennistöð sem inniheldur olíu yfir 2000L.(HEL-A)

**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.**

- Grocery Market ehf., kt. 480222-2100, Iðndal 2, 190 Vogum til að reka litla matvöruverslun með vinnslu.

- Orku-Skálinn Sandgerði, kt. 620223-1310, Strandgötu 15, 245 Sandgerði til að reka söluturn með óvarin matvæli.
- Lyfjaval ehf., kt. 580713-1140, Aðalgötu 60, 230 Reykjanesbæ til að reka lyfjaverslun.

**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.**

- Langbest ehf., kt. 550508-0360, Aðalgötu 60, 230 Reykjanesbæ til að reka veitingastað.

**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.**

- Alma Dögg Einarsdóttir, kt. 230892-2029, Tangasundi 5, 240, Grindavík til að reka fótaaðgerðastofu.
- iRent ehf., kt. 630713-1100, Grænásvegi 10, 230 Reykjanesbær til að reka gistiheimili.
- Grindavíkurbær, kt. 580169-1559, Austurvegi 5, 240 Grindavík til að reka dagdvöl fyrir aldraða með mötuneyti.
- Bragð biti ehf., kt. 640821-2050, Hafnargötu 18, 230 Reykjanesbær til að reka minna gistiheimili.
- Hildur Valsdóttir, kt. 050960-4209, Hvassahrauni 8, 191 Vogum til að reka gistisölu í 1 frístundahúsi.

**2. Kröfur um hljóðvistarskýrslur**

Nefndin samþykkir að framvegis verði gerð krafa um að umsækjendur sem hyggjast reka skemmtistaði í flokki III, sbr. reglugerð nr. 1277/2016, leggi fram hljóðvistarskýrslu unna af þar til bærum aðila. Nefndin gerir þá kröfu að ekki verði líkur á að starfsemi af þessu tagi muni valda ónæði vegna hávaða af tónlistarflutningi í nærliggjandi íbúðarhúsnæði og gististöðum.

**3. Álitamál varðandi breytt aðalskipulag**

Farið var yfir þá stöðu sem komin er upp vegna skráningarskyldrar starfsemi sem hefur hlotið staðfesta skráningu en starfsemin fellur ekki að breyttu skipulagi sveitarfélags.

**4. Starfsmannamál**

Starfsmenn, aðrir en framkvæmdastjóri og fundarritari, yfirgáfu fundinn undir þessum lið.

**5. Önnur mál**

Ekkert var rætt undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 17:20.